

## TEGUND SENDINGAR

FORGANGSPÓSTUR – EMS Innanlands:	Þyngdar- mörk kg	Burðar- gjald krónur <sup>7)</sup>	Þyngdar- mörk kg	Burðar- gjald krónur <sup>7)</sup>
Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + mesta ummál 3 m.	0,250	1795	10	3645
Mesta lengd 1.50 m.	1	1935	11	3835
Um burðargj. fyrir forgangspóst til útlanda veita pósthúsin upplýsingar	2	2125	12	4025
	3	2315	13	4215
	4	2505	14	4405
	5	2695	15	4595
	6	2885	16	4785
	7	3075	17	4975
	8	3265	18	5165
	9	3455	19	5355
			20	5545

Faxkröfuþjónusta 300 krónur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 19. gr. póstlaga nr. 33/1986 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. feb. 1991. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir pósthúsin nr. 398 frá 8. október 1990.

*Samgönguráðuneytið, 21. janúar 1991.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

22. janúar 1991

**REGLUGERÐ**

Nr. 17

**um breytingu á reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins nr. 614/1989, sbr. rg. nr. 56/1990 og rg. nr. 203/1990.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda eftir lögum nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum og reglugerð þessari skulu aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar greiða gjald í ríkissjóð vegna kostnaðar við skoðun kvikmynda. Gjald þetta skal miðast við lengd hvernar kvikmyndar þannig að fast gjald kr. 1 200 greiðist fyrir hverja skoðun auk kr. 40 fyrir hverja mínútu kvikmyndarinnar og merkingu all að 150 eintaka af hverri kvikmynd. Gjaldið hækkar sem nemur kr. 2 fyrir hvern merkimiða umfram þann fjölda. Fjárhæðir þessar eru miðaðar við vísitölu framfærslukostnaðar 133,7 stig og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar, apríl, júlí og október ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Pórunn J. Hafstein.*